

Kópavogur, 22. ágúst 2024

Kaup á bókaboxi og kostnaður sem því fylgir

Eftirfarandi greinargerð er svar við fyrirspurn lista- og menningarráðs Kópavogsbæjar um forsögu um kaup á bókaboxi á Bókasafni Kópavogs og kostnaði sem því fylgir.

Bókasafn framtíðarinnar

Bókasöfn í dag eru og hafa verið í sífelldri þróun. Þróun í átt að stafrænum endurbótum, betri þjónustu og auknum tækifærum og valmöguleikum. Bókasöfn eiga samkvæmt lögum að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi. Þá skulu bókasöfn jafna aðgengi að menningu og þekkingu.

Bókasafn Kópavogs er löngu hætt að vera einungis bókasafn. Við höldum að sjálfsögðu í gömul og góð gildi eins og að vera þriðji staðurinn, heimili fólks að heiman. Hér getur hver sem er komið og fengið að vera í næði án þess að nokkurs sé ætlast til af viðkomandi, annað en að viðkomandi sýni öðrum virðingu og tillitsemi. En þróunin yfir í menningasetur og samfélagslega miðstöð er í miklum vexti og því þarf að viðhalda á marga vegu. Í hverri viku, í hverjum mánuði og árlega eru fjölbreyttir viðburðir þar sem kapp er lagt á að allir geti fundið sér eitthvað við sitt hæfi. Auk þess er nauðsynlegt að við séum sífelld að leita að nýjum tækifærum til að auðga þjónustu okkar og horfa til framtíðar. Í þeim sömu hugleiðingum er danska fyrirtækið Bibliotheca sem hefur starfað með bókasöfnum um allan heim í yfir 50 ár til að þjónusta samfélög safnanna sem best með því að endurhugsa hvernig bókasöfn starfa og gera það með samofinni tækni. Við viljum bæta okkar góða samfélagi í þennan hóp og gefa öllum okkar bæjarbúum bestu mögulegu þjónustuna.

Hvernig

Þróun bókasafnsins er ekkert sem gerist á einni nóttu. Við starfsfólk safnsins áttum okkur á að við þurfum að velja og hafna, endurhugsa, setja á bið og forgangsraða. Það sem við hins vegar teljum að þurfi að vera efst á blaði er stafræna þróunin.

Eins og segir í stefnu stjórnsýslusviðs í takt við heimsmarkmið 9:

„Stjórnsýslusvið leggur áherslu á nýsköpun og tileinkar sér tækninýjungar í starfsemi sinni með það að markmiði að veita þjónustu sem tekur mið af þörfum íbúa hverju sinni.“

Við tryggjum bæjarbúum aðgang að upplýsingum, afþreyingu og menningu og komum þannig að heimsmarkmiði 4 – menntun fyrir alla. Það þarf að tryggja það að við séum með í því að gera bæjarbúa sjálfbæra í þekkingar- og upplýsingaleit, en á sama tíma viljum við halda í það mikla þjónustustig sem safnið hefur boðið frá upphafi.

Bókasafn Kópavogs

Bókabox – til hvers?

Í málefнасáttmála Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Kópavogi 2022–2026 kemur eftirfarandi fram:

“Stuðla að því að menningakjarnar verði starfræktir í efri byggðum samhliða þungamiðju starfseminnar í menningarhúsunum við Hamraborg, MEKÓ.”

Undirrituð hefur ekki heyrt um að slíkt sé í vinnslu fyrir efri byggðirnar, en vonir um það hafa staðið yfir í mörg ár eða alveg frá því að Lindasafn opnaði “tímabundið í eitt ár” útibú frá aðalsafni árið 2002.

Forstöðumaður ásamt starfsfólki Bókasafns Kópavogs lagði til haustið 2022 að samhliða því að keyptar yrðu nýjar og endurbættar sjálfsafgreiðsluvélar frá Bibliotheca yrði keypt bókabox sem sett yrði upp í efri byggðum bæjarins til að koma til móts við íbúa hverfanna í efri byggðum. Við þurfum og viljum þjónusta alla íbúa bæjarbúa í öllum hverfum burtséð frá staðsetningu.

Hvað er bókabox?

Bókabox (e. remote locker) svipar til póstbox-þjónustu Póstsins. Þar geta bæjarbúar með auðveldu móti sótt bækur sem þeir hafa pantað frá bókasafninu og svo skilað þeim aftur að loknum lestri á sama stað. Einnig býður bókabóxið upp á útstillingar á nýjum bókum sem lánþegar geta fengið að láni á staðnum í gegnum vélina (boxið).

Bókabóxið er komið upp í Vallakór 6 (glerhúsinu við Kórinn) og var starfsmaður frá Bibliotheca að ljúka við uppsetningu. Reiknað er með að það opni fyrstu vikuna í September, en síðasta vikan í ágúst verður nýtt í að setja niður verklag varðandi boxið og þjónustu við það.

Kostnaður:

Bókabox: 1.872.300 kr. + vsk og tollur (11.850 EUR)

Rafmagns- og nettenging: 331.166 kr.


Merkingar á boxi: 300.000 kr. (áætlun, í vinnslu)

Annar kostnaður fylgir ekki.

Að lokum

Hvað þurfa íbúarnir frá bókasafninu? Við vitum að við þurfum að veita gott aðgengi, þjónustu við hæfi og fjölbreytt úrval efnis. Við viljum sífellt bæta þjónustuna og við reynum eftir fremsta megni að velja fjölbreytt úrval af efni, bæði bækur, rafbækur, viðburði og annað sem við sjáum að lánþegar vilja. Sífellt erum við að leita að nýjungum sem við getum boðið upp á.

Við vitum að það vantar menningarmiðstöð í efri byggðir líkt og fram hefur komið en hvað getum við gert á meðan og í tengingu við menningarkjarna sem nefndir eru í málefнасáttmálanum? Bókabóxið er skref í átt að því.



Bókasafn Kópavogs

Bibliotheca hefur upp ýmsar nýjungar að bjóða fyrir bókasöfn sem við höfum mikinn áhuga á t.d. streymisveitu, skilahillu, aðgengi að söfnunum utan opnunartíma (e. open access) og sniðuga appið þeirra sem hefur upp á ýmislegt að bjóða, til dæmis það að lánþegar geti lánað sér bækurnar í símanum. Þau hugsa fyrir framtíðinni og þangað stefnum við!

Hvað varðar þróun á sviði bókasafnsmála þá hefur Bókasafn Kópavogs alltaf verið leiðandi, við vorum fyrst til að innleiða tölvukerfi og höfum aldrei óttast breytingar. Við viljum vera leiðandi áfram.

Lísa Z. Valdimarsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Kópavogs

Skjal sótt af '000000000000' dags: 18.08 2026

